# Stefnumótandi byggðaáætlun 2017-2023

# Fundir í samráðsvettvöngum landshlutanna

3. - 7. október 2016

Árni Ragnarsson
Byggðstofnun, þróunarsvið

# Meginmarkmið - lögbundin

- Að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu og þjónustu
- Að jafna lífskjör og stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt

  Sérstaka áherslu skal leggja á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhæft atvinnulíf

- Einnig skal gerð grein fyrir sérstökum áformum ríkisins um stuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum byggðakorts af Íslandi sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur samþykkt fyrir tiltekið tímabil og tengingu þeirra við sóknaráætlanir

(Lög nr. 69/2015)

BYGGÐASTOFNUN

# Byggðaáætlun skal

- Lýsa stefnu ríkisins í byggðamálum hverju sinni og samhæfingu við aðra stefnumótun og áætlanagerð hins opinbera
- Unnin í umboði ráðherra af Byggðastofnun í samvinnu við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál
- Unnin í samráði við ráðuneyti, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa eftir þörfum

(Lög nr. 69/2015)

- Metnaðarfull lög, gott áhald fyrir byggðaáætlun og sóknaráætlanir landshluta en stuttur vinnslutími

# Aðrar áherslur

Fundir með þingflokkum, samráðsvettvöngum sóknaráætlana:

- Ljósleiðari um allt land, jöfnun orkuverðs og bættar almennings-samgöngur
- Skattaívilnanir skoðaðar, mismunandi tryggingagjald, styrkir til ferða milli heimilis og vinnustaðar, námsstyrkir á framhaldsskólastigi og niðurgreiðslur vegna verslunar í strjálbýli

Stjórnarsáttmálinn

- Jafnrétti allra landsmanna, óháð einstaklingsbundnum þáttum og stöðu að öðru leyti, svo sem vegna búsetu
- Samþætting opinberra áætlana og gerð sérstakra landshlutaáætlana
- Áhersla á jafnrétti til búsetu og að íbúar landsins fái notið grunnþjónustu
- Stuðla að fjölbreyttum atvinnutækifærum um allt land

BYGGÐASTOFNUN

# Verklag

- Verkefnisstjórn
- Ráðgjafarráð
- Samráð við ráðuneyti og samráðsvettvanga landshlutasamtaka sveitarfélaga
  - Samráðstillögur, tillögur Byggðastofnunar
- Opinn ferill
  - Aðgengileg gögn
  - Aðsendar tillögur
- Sviðsmyndagreiningar
- Byggðastefnuþing

Stefnumótandi byggðaáætlun 2017-2023

# Samþætting við aðrar áætlanir og aðgerðir

## 1. Markmið um að jafna tækifæri allra landsmanna til atvinnu

| Áætlun | Markmið | Aðgerð | Fjárheimild (millj. kr) |
|---|---|---|---|
| (Dæmi) Samgönguáætlun | Samræming markmiða<br>Stækkun vinnusóknarsvæða 25 og 26 | Samræming aðgerðar<br>Veggöng á 7 ára áætlun | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## 2. Markmið um að jafna tækifæri allra landsmanna til þjónustu

| Áætlun | Markmið | Aðgerð | Fjárheimild (millj. kr) |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

## 3. Markmið um að jafna lífskjör alls staðar á landinu

| Áætlun | Markmið | Aðgerð | Fjárheimild (millj. kr) |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

| 4. Markmið um að stuðla að sjálfbærri þróun byggðarlaga um land allt | | | |
|---|---|---|---|
| **Áætlun** | **Markmið** | **Aðgerð** | **Fjárheimild (millj. kr)** |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

| 5. Áform um ríkisstuðning við atvinnulíf á skilgreindum stuðningssvæðum | | | |
|---|---|---|---|
| **Áætlun** | **Markmið** | **Aðgerð** | **Fjárheimild (millj. kr)** |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

| 6. Aðrar aðgerðir sem kunna að varða byggðaþróun | | | |
|---|---|---|---|
| **Áætlun** | **Markmið** | **Aðgerð** | **Fjárheimild (millj. kr)** |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |




BYGGÐASTOFNUN




BYGGÐASTOFNUN

# Um tillögur og um umræður fundarins

- Aðsendar tillögur má sjá á heimasíðu Byggðastofnunar, undir BYGGÐAÁÆTLANIR/ Byggðaáætlun 2017-2023/Tillögusafn
- Hér á eftir fylgir gróft yfirlit yfir tillögur sem unnið er að á þróunarsviði Byggðastofnunar í samráði, samkvæmt ábendingum og að frumkvæði þróunarsviðs
  - 6 tillöguflokkar
  - Tillögur aðeins með heiti og markmiði
- Þar á eftir umræður í þeim tilgangi að fá fram
  - viðhorf til tillagna og ábendingar um áherslur og nýjar tillögur
  - umræður um hvað heyrir til í byggðaáætlun og hvað í sóknaráætlun og hvernig þessar áætlanir nýtast best til byggðaþróunar
  - viðhorf til að grundvalla tillöguhugmyndir landshlutasamtakanna í byggðaáætlun

BYGGÐASTOFNUN

# Tillögugerð 1

## 1. JÖFNUN TÆKIFÆRA TIL ATVINNU

**1.1 Háhraða gagnaflutningsnet**

Markmið: Allir landsmenn eigi aðgang að háhraða gagnaflutningsneti fyrir árslok 2019

**1.2 Öryggi í orkuafhendingu**

Markmið: Sveitarfélög móti stefnu í orkumálum sem meðal annars stuðli að uppbyggingu á flutningskerfi raforku þannig að dreifikerfi mæti þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og afhendingaröryggi

**1.3 Störf án staðsetningar**

Markmið: 20% allra starfa í ráðuneytum verði án staðsetningar árið 2023

**1.4 Fjölgun starfa með skattalegum hvötum**

Markmið: Mismunandi tryggingargjald eftir atvinnugreinum og landssvæðum

**1.5 Fjölbreytt atvinnutækifæri um allt land**

Markmið: Sköpun starfa sem henta konum og ungu fólki sem víðast um landið

**1.6 Þátttaka í Norðurslóðaáætluninni NPA, NORA og ESPON**

Markmið: Stuðla að eflingu búsetuþátta, norræns samstarfs og byggðarannsókna háskóla í fjölþjóðlegu samstarfi

BYGGÐASTOFNUN

# Tillögugerð 2

## 2. JÖFNUN TÆKIFÆRA TIL ÞJÓNUSTU

**2.1 Stefmótun um opinbera þjónustu**.

Markmið: Íbúar landsins, óháð búsetu og efnahag, njóti sömu tækifæra hvað varðar aðgengi að opinberri grunnþjónustu og kröfur eru gerðar um í nútímasamfélagi.

**2.2 Jöfnun aðstöðumunar til að sækja opinbera þjónustu**.

Markmið: Kostnaður landsmanna við að sækja opinbera grunnþjónustu verði hinn sami hvar á landinu sem fólk býr.

**2.3 Jöfnun ferðakostnaðar.**

Markmið: Kostnaður landsmanna við að sækja þjónustu og afþreyingu til höfuðborgarinnar verði minnkaður.

**2.4 Stuðningur við barnafjölskyldur.**

Markmið: Gera búsetu fyrir barnafjölskyldur fýsilegri á landsbyggðinni með lægri kostnaði við leikskóla en í stærsta þéttbýli.

**2.5 Jöfnun flutningskostnaðar verslunar .**

Markmið: Að skjóta styrkari stoðum undir verslun í dreifbýli og minna þéttbýli sem er utan þjónustusvæðis stærri byggðakjarna.

BYGGÐASTOFNUN

# Tillögugerð 3

## 3. JÖFNUN LÍFSKJARA

**3.1 Stuðningur við einstaklinga**

Markmið: Fjölgun íbúa á svæðum þar sem íbúaþróun hefur verið neikvæð

**3.2 Jöfnun orkukostnaðar**

Markmið: Orkukostnaður heimila verði sá sami um allt land

**3.3 Frádráttur vegna aksturs til og frá vinnu**

Markmið: Auðvelda fólki á landsbyggðinni að sækja vinnu frá heimili

**3.4 Ferðasjóður Íþróttasambands Íslands**

Markmið: Að jafna ferðakostnað barna sem stunda íþróttir

BYGGÐASTOFNUN

# Tillögugerð 4

## 4. SJÁLFBÆR ÞRÓUN BYGGÐARLAGA

**4.1 Aflamark Byggðastofnunar**

Markmið: Styrkari grunnur atvinnulífs í smærri sjávarbyggðum

**4.2 Brothætt byggðarlög**

Markmið: Stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum

## 5. RÍKISSTUÐNINGUR VIÐ ATVINNULÍF Á STUÐNINGSSVÆÐUM

- Unnið er að tillögum í þessum tillöguflokki og um

  - Heilbrigðismál
  - Menntamál (t.d. símenntunarmiðstöðvar)
  - Menningarmál
  - Hleðslustöðvar fyrir rafknúna bíla

BYGGÐASTOFNUN

# Tillögugerð 5

## 6. AÐRAR AÐGERÐIR

**6.1 Samkeppnissjóðir fyrir alla**

Markmið: Betra aðgengi fólks og fyrirtækja á landsbyggðinni að fé úr samkeppnissjóðum

**6.2 Höfuðborgarstefna**

Markmið: Að skilgreina hlutverk Reykjavíkurborgar sem höfuðborgar allra landsmanna og réttindi og skyldur borgarinnar sem höfuðborgar Íslands

**6.3 Upplýsingasöfnun um borgsvæði**

Markmið: Upplýsingar um þróun borgsvæða á Íslandi verði samanburðarhæfar við Norðurlöndin

**6.4 Efling fjölmiðlunar í héraði**

Markmið: Efling getu staðbundinna fjölmiðla til fréttaflutnings og þáttagerðar

BYGGÐASTOFNUN

# Framsetning

## Byggðaáætlun:

I. Almennur stefnukafli ( inngangur, skilgreining byggðamála, þróun byggðamála, stjórnsýsla byggðamála, tölfræði o.s.frv.)

Meginstefna stjórnvalda sbr. framtíðarsýn og menginmarkmið (huglægt)

II. Markmið áætlunarinnar (sem eiga að leiða að meginmarkmiði) í ákveðnum köflum sem tengdir eru við ábyrgðarsvið annarra ráðuneyta

Í hverjum kafla verður gerð grein fyrir mikilvægi samhæfingar aðgerða annarra ráðuneyta og hvernig þær virka fyrir markmið byggðaáætlunar.

III. Sóknaráætlanir og verkefni þeirra

IV.  Almennar aðgerðir byggðaáætlunar

BYGGÐASTOFNUN

# Framsetning

Aðgerðartillögur:

1. Markmið
2. Aðgerð
3. Áfangar
4. Ábyrgð
5. Kostnaður
6. Kvarðar
7. Framfylgd

BYGGÐASTOFNUN